Fullgild rafræn undirskrift
GUÐBJÖRG LILJA ERLENDSDÓTTIR
2026-04-27 15:01:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

USK26010164

# Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2026, mánudaginn 27. apríl kl. 11.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 59. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Rebekka Guðmundsdóttir.
Fundarritari var Magnús Ársælsson.

**Þetta gerðist:**

**Ráðherrabústaðurinn, Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja í fjögur bílastæði móts við Tjarnargötu 32 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema vegna ríkisstjórnarfunda. Á öðrum tímum séu stæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu. Ráðstöfunin er tímabundin meðan ríkisstjórnarfundir verða í Tjarnargötu 32.
- Að felld verði úr gildi 1. gr. auglýsingar nr. 1093/2024 um að óheimilt hafi verið að leggja í bílastæði við Hverfisgötu 4-6 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema með leyfi lögreglu. Verða bifreiðastæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

**Fundi slitið kl. 11.05**

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson　　　Rebekka Guðmundsdóttir

Reykjavík

**Viðtakandi**: Samgöngustjóri
**Sendandi**: Deild samgangna

Reykjavík, 22. apríl 2026
USK26010083

## Tillaga

---

**Ráðherrabústaðurinn, Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja í fjögur bílastæði móts við Tjarnargötu 32 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema vegna ríkisstjórnarfunda. Á öðrum tímum séu stæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu. Ráðstöfunin er tímabundin meðan ríkisstjórnarfundir verða í Tjarnargötu 32.
- Að felld verði úr gildi 1. gr. auglýsingar nr. 1093/2024 um að óheimilt hafi verið að leggja í bílastæði við Hverfisgötu 4-6 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema með leyfi lögreglu. Verða bifreiðastæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Ríkisstjórnarfundir voru tímabundið haldnir við Hverfisgötu 4-6 en verða núhaldnir í Ráðherrabústaðnum, Tjarnargötu 32. Til að tryggja öryggi ráðherra hefur stjórnarráðið óskað eftir því að bílastæði fyrir framan húsið verði frátekin í tengslum við akstur og öryggi ráðherra ríkisstjórnarinnar á þeim tímum sem ríkisstjórnarfundir eru haldnir. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnarfundir verði haldnir í Ráðherrabústaðnum næstu þrjú ár, þ.e. til 2029/2030.

Með þessu sérákvæði er því lagt til að stæðin, sem áður voru frátekin vegna ríkisstjórnarfunda við Hverfisgötu, verði gerð að almennum gjaldskyldum bílastæðum án annarra kvaða, og að stæði sem eru næst ráðherrabústaðnum verði þeirra í stað merkt sem stæði þar sem óheimilt er að leggja meðan á ríkisstjórnarfundum stendur.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
*Deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Staðsetning þeirra fjögurra stæða sem lagt er til að verði sérmerkt vegna ríkisstjórnarfunda.
Afrit af samskiptum við ríkislögreglustjóra og forsætisráðuneytið.

Reykjavík


Suðurgata
Suðurgata
Suðurgata
Suðurgata
28
35
33
31
29
42
40
38
36
34
32
30
28
26
24
22
Tjarnargata
Tjarnargata
Skothúsvegur
39
37
35
33
Tjörn, Tjarnarborg
2

Reykjavík

| | |
|---|---|
| **From:** | Árni Friðleifsson |
| **To:** | Bjarni Rúnar Ingvarsson |
| **Cc:** | Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir; LRH:Fyrirspurnir; Magnús Ársælsson; Logi Sigurjónsson |
| **Subject:** | RE: Sérákvæði - Ráðherrabústaðurinn Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum |
| **Date:** | miðvikudagur, 22. apríl 2026 11:05:46 |
| **Attachments:** | image017.png<br>image018.png<br>image019.png<br>image020.png<br>image021.png<br>image001.png<br>image005.png<br>image008.png<br>image010.png<br>image011.png<br>image012.png<br>image013.png<br>image014.png<br>image015.png<br>image016.png<br>image022.png<br>image023.png<br>image024.png |

---

Já passar....það er þá allt „óbreytt" fyrir framan Ráðherrabústaðinn.


**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**


---

**From:** Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Sent:** 22.04.2026 10:57
**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>
**Cc:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>; Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>
**Subject:** RE: Sérákvæði - Ráðherrabústaðurinn Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum

Sæll Árni,

Takk kærlega fyrir skjót viðbrögð, ég tók einmitt eftir villunni með húsnúmer Ráðherrabústaðsins eftir að skjalið var sent til ykkar. Villan verður löguð áður en skjalið verður sent til samþykktar.
Ég geri ráð fyrir að þú sért að vitna til að notkun á svæðinu fyrir framan Ráðherrabústaðinn sjálfan verði sambærileg á fundum ríkisstjórnar eins og er þegar aðrir fundir eru haldnir þar. Geri ekki athugasemd við það.

M.b.k.,


**Bjarni Rúnar Ingvarsson**
Deildarstjóri samgangna

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík


Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur


Regnbogavottun

---

**From:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>
**Sent:** 22. april 2026 10:52
**To:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Sérákvæði - Ráðherrabústaðurinn Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum

Samþykkt án athugasemda.
Ráðherrabústaður Tjarnargata 32.

Bjarni Rúnar
Ath. Rennan fyrir framan Ráðherrabústaðinn verður einnig notuð „ sem bílastæði“ fyrir ráðherrabíla. Það er framkvæmt (lokun á rennunni) af Öryggisdeild Ríkislögreglustjóra.....


**Árni Friðleifsson**
Aðstoðaryfirlögregluþjónn
*Umferðardeild*

arni.fridleifsson@lrh.is

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
4441000



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**


---

**From:** Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
**Sent:** 22.04.2026 09:03

**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
**Cc:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
**Subject:** Sérákvæði - Ráðherrabústaðurinn Tjarnargötu 32 - bílastæði sérmerkt ráðherrabílum

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja

**Magnús Ársælsson**
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum
www.reykjavik.is/trunadur

Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

